

## LÖG

um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breytingu á lögum um  
almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1985 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1985.
3. Af fyrstu 296 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 296 000 kr., greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1985 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71 gr., sömu laga.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

Nr. 128

31. desember 1984

## LÖG

um sérstakan barnabótaauka.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1985 skal ríkissjóður greiða sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1984 sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 2. og 3. gr. laga þessara.

2. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 15 000 kr. með hverju barni.

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1984 fer fram úr 275 000 kr. uns hann fellur niður er